

Nd.

109. Frumvarp til laga

[98. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 51 frá 9. júní 1980.

Flm.: Sigurgeir Sigurðsson.

1. gr.

Við 17. gr. laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar er orðist svo:

Heimilt er að veita sveitarfélögum eða félagasamtökum einstaklinga framkvæmdalán til byggingar verndaðra sölu/leiguíbúða aldraðra er nemi 75% byggingarkostnaðar.

Framkvæmdalánið endurgreiðist við sölu íbúða til notenda. Gert er ráð fyrir að 25% íbúða í hverjum áfanga verði í eigu sveitarfélags eða félagasamtaka og haldi þeir aðilar lánum samkvæmt 2. tl.

Í reglugerð verði sett ákvæði um endursölu og/eða erfðarétt slíkra söluíbúða svo og skilgreiningu á vernduðum íbúðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mikil hreyfing er nú um land allt í þá átt að leysa húsnæðismál aldraðra. Sú staðreynd, að íbúðaeign landsmanna er mjög almenn, á að geta létt verulega undir við lausn þessara mála.

Athugun hefur sýnt að aldraðir vilja gjarnan eiga sitt eigið húsnæði, en brúa þarf bilið meðan á byggingu stendur þar til væntanlegur notandi getur selt sitt eldra húsnæði og þá fyrst greitt (keypt) íbúð í vernduðu elliumhverfi. Útborgun í fyrra húsnæði, sem yfirleitt er verulega stærra, nægir í flestum tilfellum til fullnaðargreiðslu nýrrar smábúðar.

Samþykkt þessarar breytingar hefði margþættan tilgang. Með byggingu verndaðra elliíbúða dregur að sama skapi úr byggingaþörf á almennum markaði og kostnaði sveitarfélagsins við framboð lóða. Eignir ellilífeyrisþega halda verðgildi sínu þar sem endurkaupaskylda (réttur) hvílir á sveitarfélagi/félagasamtökum, kostnaðarverð auk verðbóta. Framkvæmdafé sveitarfélaga yrði ekki eins bundið í byggingum, og síðast en ekki síst yrðu hinir öldruðu þátttakendur í uppbyggingu eigin umhverfis.